



Banaslys 9. janúar 2008

Hrútafjarðarháls við Svertingsstaði
Aftanákeyrsla
Látinn 85 ára karlmaður

Lýsing á slysi

Karlmaður kom akandi frá bænum Svertingsstöðum á Suzuki fólksbifreið og ók hann inn á þjóðveginn til norðurs. Hann var einn í bílnum. Í sömu mund var vörubifreið lestuð tæpum 9 tonnum af heyböggum ekið norður fram hjá afleggjaranum. Svo virðist sem ökumaður fólksbifreiðarinnar hafi ekki gáð að sér og ók hann inn á þjóðveg nr. 1 án þess að stöðva bifreiðina við vegamótin. Ökumaður vörubifreiðarinnar náði ekki að afstýra árekstri og lenti vinstra framhorn hennar á hægra afturhorni fólksbifreiðarinnar.

Árekstrarstaðurinn var nokkra metra norðan við vegamótin og ökuhraði fólksbifreiðarinnar lítill. Samkvæmt ökuritaskífu var vörubifreiðin á um 77 km/klst. hraða þegar áreksturinn varð.



Mynd tekin frá þeim stað þar sem fólksbifreiðin stöðvaðist í átt að árekstrarstað (á móti akstursstefnu). Myndin er uppstilling.

Vörubifreiðin ýtti fólksbifreiðinni á undan sér án þess að drægi úr hraða hennar vegna lélegrar hemlunar og mikillar hálfu. Fólksbifreiðin rann svo af framenda vörubifreiðarinnar og fór út af veginum hægra megin og valt. Fólksbifreiðin stöðvaðist rúma 100 m frá árekstrarstað á hægri hliðinni.

Við áreksturinn fóru bæði hemla- og glussaslanga fyrir stýrisvél í vörubifreiðinni úr sambandi. Við það missti vörubifreiðin hemlun á framás og hjálparátak fyrir stýrið. Hemlaborðar í vinstra afturhjóli voru það slitnir að einungis var hemlun á hægra afturhjóli. Vörubifreiðin stöðvaðist svo um

Veður:
Hálfskýjað
Sólskin
Engin ofankoma

Vegur:
Mjög háll.
Bundið slitlag.
6,5 metra breiður
Malarvegöxl, 1 m.
Flái: 1:3 um 1m á hæð.
Hámarkshraði 90
km/klst. (80 fyrir
vörubifreiðar)
Meðaltals umferð á
sóláhring að
vetrarlagi um 700.

Tími sólarhrings:
Dagur

Ökutæki:
Suzuki fólksbifreið,
ökumaður einn í
bifreiðinni og ekki
með öryggisbeltið
spennt.

Scania vörubifreið,
ökumaður einn í
bifreiðinni.

1,2 km frá árekstrarstað. Hemlafar eftir hægra afturhjólíð var óslitið alla leiðina.

Ökumaður fólksbifreiðarinnar var 85 ára gamall karlmaður og var hann ekki spenntur í öryggisbelti. Hann var fluttur með þyrllu á spítala en lést þar 10 dögum síðar vegna áverka sem hann hlaut í slysinu. Engin aflögun var inn í farþegarými fólksbifreiðarinnar og ummerki á vettvangi gáfu til kynna að hún hafi verið á frekar lítilli ferð þegar hún valt ¼ úr hring. Líkur eru á að ökumaðurinn hefði lifað slysið af ef hann hefði verið spenntur í öryggisbelti.

Fólksbifreiðin var nýleg og í góðu ásigkomulagi þegar slysið varð. Ekki kom neitt fram við skoðun á þeirri bifreið sem skýrt geti orsök slyssins. Vörubifreiðin var með bilaða hemla eins og komið hefur fram. Hún hafði fengið skoðun án athugasemda í janúar 2007 og var sú skoðun enn í gildi. Ekki er hægt að fullyrða um afleiðingar slyssins ef hemlarnir hefðu verið í lagi og hemlun verið á báðum hjólum á afturás vegna mikillar hálfu. Samkvæmt útreikningum nefndarinnar hefur hraðaminnkun vörubifreiðarinnar verið um 6 km/klst. Þessa hundrað metra sem hún ýtti fólksbifreiðinni á undan sér. Ef hemlun hefði verið á báðum afturhjólunum hefði hraðaminnkunin numið um 12 km/klst.

Ökumaður fólksbifreiðarinnar var ekki með gild réttindi til aksturs. Fékk hann síðast endurnýjuð ökuréttindi í ágúst 2005 til tveggja ára, í stað eins árs eins og lögbundið er vegna aldurs hans. Ekki virðist læknisvottorð hafa legið til grundvallar þeirri leyfisveitingu. Staðfest er að ökumaðurinn var kominn með einkenni um heilabilun skv. greiningarprófi sem framkvæmt var á árinu 2005.

Ekki voru tekin blóðsýni úr ökumönnum strax eftir slysið.

Orsakagreining

- Ökumaður fólksbifreiðarinnar virti ekki biðskyldu við vegamótin og ók í veg fyrir vörubifreiðina
- Líkindi eru fyrir að ökuhæfni hans hafi verið skert vegna heilabilunnar
- Hann var ekki spenntur í öryggisbelti
- Vörubifreiðinni var ekið of hratt miðað við aðstæður
- Hemlar vörubifreiðarinnar voru óvirkir að aftan vinstra megin.

Tillögur í öryggisátt

Að mati Rannsóknarnefndar umferðarslysa ber nauðsyn til að endurskoða reglur um mat á akstursfærni aldraðra og sjúkra ökumanna. Skilgreina þarf mun betur en nú er gert hvaða kröfur beri að gera um líkamlega og andlega færni til aksturs, sbr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa ítrekar ábendingu sem kom fram í varnaðarskýrslu um skert ökuhæfni vegna veikinda sem nefndin gaf út árið 2007. Að mati nefndarinnar hefur ekki tekist nægjanlega vel til að framfylgja ákvæðum um heilbrigðiskröfur sem gerðar eru til ökumanna í íslenskum lögum og reglum. Telur nefndin þörf að stjórnvöld endurskoði þær reglur sem hér gilda um kröfur til heilsufars ökumanna og framkvæmd þeirra.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa hvetur samgönguráðherra til að setja leiðbeinandi reglur um meðferð mála er varða útgáfu og endurnýjun ökuskírteinis eins og fram kemur í 21. gr. reglugerðar um ökuskírteini nr. 501/1997.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa hvetur ökumenn sem eru í áhættuhópi vegna aldurs, veikinda eða lyfjanotkunar til að bregðast við af ábyrgð og gangast undir skoðun á ökuhæfi sínu hjá læknum og stjórnvöldum.

Ábendingar

Ökumenn og aðrir vegfarendur geta lent í aðstæðum sem krefjast snöggra viðbragða. Aldraðir ökumenn bregðast við þessu t.d. með því að aka hægar og forðast aðstæður sem þeir ráða síður við, s.s. akstur í slæmu veðri og álagstíma í umferðinni. Það er einnig mikilvægt að allir ökumenn séu meðvitaðir um að viðbragðsgeta og ýmislegt annað skerðist með aldri og haga akstri eftir því.

29.1.2008

Rannsóknarnefnd umferðarslysa